

Fimmtudaginn 28. október 1993.

Nr. 304 og
305/1993.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Einari Inga Kristinssyni

(Örn Clausen hrl.).

Málasamsteypa. Ölvunarakstur. Svipting ökuréttar. Skilorðsrof. Hegningarauki. Sakarkostnaður. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 12. júlí 1993 áfrýjað til Hæstaréttar dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 28. maí 1993, í máli, sem höfðað var með ákæru 1. febrúar 1993. Þá hefur ríkissaksóknari áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 22. júlí 1993 dómi Héraðsdóms Vesturlands, upp kveðnum 14. júlí 1993, í máli, sem höfðað var með ákæru 11. febrúar 1993. Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að refsing verði þyngd og svipting ökuréttar samkvæmt dómnum frá 14. júlí 1993 staðfest.

Ákærði unir báðum dómum.

Málin voru sameinuð og flutt í einu lagi fyrir Hæstarétti.

I.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Rangárvallasýslu var bifreið ákærða stöðvuð kl. 14,45 laugardaginn 22. ágúst 1992 (ekki 2. ágúst, eins og segir í héraðsdómi). Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 15,37, og reyndist það innihalda 0,80‰ alkóhóls.

Með akstri sínum umrætt sinn undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétti braut ákærði gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í héraðsdómi segir, að ákærði hafi gengist undir dómsátt fyrir brot á umferðarlögum í mars 1992. Hennar er ekki getið á saka-vottorði ákærða, en þar er hins vegar getið sektardóms frá 10. apríl

1992 vegna brots á 1. mgr. 37. gr. umferðarlaga og á lögreglu-samþykkt.

II.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands.

Í lögregluskýrslu segir, að tilkynning hafi borist um, „að verið væri að aka bláu bifhjóli á ofsahraða eftir Kalmansbraut“. Við yfirheyrslu hjá lögreglunni á Akranesi var ákærði ekki inntur eftir ökuhraða, og víkur ekki frekar að honum í lögreglurannsókn. Engu að síður var ákært fyrir ofsahraða, en án tilvísunar í viðeigandi ákvæði í umferðarlögum. Af frumskýrslu lögreglunnar á Akranesi verður ekki ráðið með vissu, hvenær akstur ákærða á bifhjólinu R-73832 hinn 20. nóvember 1992 átti sér stað, en í skýrslu ákærða hjá lögregluvarðstjóra, sem tekin var kl. 23,55, kveðst hann hafa hafið aksturinn kl. 23,25. Eigi kemur fram, hvenær akstrinum lauk. Ákærða var tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar kl. 00,42. Reyndist það innihalda 1,05‰ alkóhóls. Samkvæmt því er ranglega ákært fyrir brot á 1., sbr. 3. mgr., 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Með akstri þessum braut ákærði gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

III.

Eins og rakið er í hinum áfrýjuðu dómum, rauf ákærði með framangreindum brotum skilorð refsídóms frá 20. október 1992. Ber því samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að taka upp þann dóm og dæma skilorðsbundinn hluta hans, þriggja mánaða fangelsi, með í þessu máli. Refsing ákærða samkvæmt 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga þykir hæfilega ákveðin fangelsi í fimm mánuði. Með vísan til 3. mgr. 102. gr. umferðarlaga, sbr. 26. gr. laga nr. 44/1993, ber að svipta ákærða ökurétti í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

IV.

Tíu dagar liðu milli þess, að tvær ákærur út af sams konar brotum ákærða voru gefnar út sín í hvoru lögsagnarumdæmi. Héraðsdómarnir eru mjög sinn á hvorn veg um niðurstöðu, og kom fram við munnlegan málflutning af hálfu ákærvalds, að það út af fyrir

síð hefði valdið því, að áfrýjun þótti óhjákvæmileg. Þessi háttur á málarekstri gegn ákærða var andstæður hagsmunum hans og óviðunandi. Veldur hann því, að ákærði verður aðeins dæmdur til að greiða sakarkostnað í héraði að hálfu, en að öðru leyti greiðist hann úr ríkissjóði sem og allur áfrýjunarkostnaður málsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Ingi Kristinsson, sæti fangelsi í fimm mánuði.

Ákærði er sviptur ökurétti í þrjú ár frá uppsögudegi dóms þessa að telja.

Ákærði greiði sakarkostnað í héraði að hálfu. Að öðru leyti greiðist sakarkostnaður í héraði og allur áfrýjunarkostnaður málsins úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttar-lögmanns, 40.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 28. maí 1993.

Ár 1993, föstudaginn 28. maí, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinsyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-60/1993: Ákærvaldið gegn Einari Inga Kristinssyni, en málið var dómtekið samdægurs á grundvelli 125. gr. laga nr. 19/1991.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 1. febrúar 1993, á hendur „Einari Inga Kristinssyni, Lágumýri 6, Mosfellsbæ, kt. 080873-3609, fyrir að hafa laugardaginn 2. ágúst 1992, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, ekið bifreiðinni JO-083 frá fjölbýlishúsi við Fossöldu, Hellu, Rangárvallasýslu, að Þrúðvangi, þar sem lögregla stöðvaði akstur hans.

Telst þetta varða við 1., sbr. 2. mgr. 45. gr., og 1. mgr. 48. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987“.

Ákærði kom fyrir dóminn í dag og viðurkenndi þá að hafa framið háttsemi þá, sem í ákæruskjali greinir. Dómurinn telur því sannað með skýlausri játningu ákærða, sem studd er öðrum gögnum málsins, að ákærði hafi framið þá háttsemi, sem ákært er út af. Brot ákærða er rétt heimfært til refsíákvæða í ákæruskjali.

Ákærði gekkst undir dómsátt árið 1991 fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr.

45. gr. umferðarlaga. Þá gekkst ákærði undir dómsátt fyrir umferðarlaga-brot í mars 1992. Ákærði hlaut refsíðóm í október 1992, þriggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í þrjú ár og 100 þúsund króna sekt, fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og fyrir brot gegn umferðarlögum. Ákærði var þá einnig sviptur ökuréttindum í 20 mánuði frá 7. febrúar 1992 að telja.

Refsing ákærða er nú ákvörðuð með hliðsjón af 77. og 78. gr. almennra hegningarlaga. Skilorðsbundni hluti dómsins frá 20. október 1992 er nú tekinn upp og málin dæmd í einu lagi, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga.

Refsing ákærða þykir þannig hæfilega ákvörðuð fjögurra mánaða fangelsi, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í tvo mánuði frá 7. október 1993 að telja. Ákærði greiði allan sakarkostnað.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Ingi Kristinsson, sæti fangelsi í fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsivistarinnar skilorðsbundið í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins að telja og hún niður falla að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði skal sviptur ökuréttindum í tvo mánuði frá 7. október 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 14. júlí 1993.

Ár 1993, miðvikudaginn 14. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Vesturlands, sem háð er í Hegningarhúsinu að Skólavörðustíg 9, Reykjavík, af Símoni Sigvaldasyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í héraðsdómsmálinu nr. S-15/1933: Ákærvaldið gegn Einari Inga Kristinssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali sýslumannsins á Akranesi, dagsettu 11. febrúar sl., á hendur ákærða, Einari Inga Kristinssyni, kt. 080873-3609, nú til heimilis að Engihjalla 11, Kópavogi, „fyrir að hafa föstudaginn 20. nóv. 1992 um kl. 23 ekið bifhjólinu R-73832 á ofsahraða undir áhrifum áfengis og án hjálms og án ökuréttinda frá Kalmansbraut 2 og eftir Kalmansbraut að umferðarljósum þar, er hjólið bilaði.

Atferli þetta þykir varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr., 45. gr. og 1. mgr. 48. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og að kveðið verði í dómi á um, að honum sé óheimilt að hafa ökuréttindi, sbr. 101.-102. gr. nefndra laga.“

Ákærði, Einar Ingi Kristinsson, hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifhjólinu R-73832 á ofsahraða undir áhrifum áfengis, án ökuhjálms og án ökuréttinda þann dag og með þeim hætti, er ákæra greinir frá. Með ofangreindum verknaði hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi, er tilgreind er í ákæruskjali og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann 22. maí 1991 gengist undir dómsátt vegna ölvunaraksturs. Þá hefur hann samkvæmt sakavottorði sínu hlotið tvo dóma. Hinn fyrri er frá 10. apríl 1992 og er vegna hraðaksturs. Seinni dómurinn er frá 20. október 1992. Með þeim dómi hefur ákærði brotið gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga auk ákvæða umferðarlaga, m. a. um hraðakstur og ölvunarakstur. Með þeim dómi var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið í þrjú ár, auk þess sem hann var dæmdur til greiðslu 100.000 króna sektar. Með dómnum var ákærði sviptur ökuréttindum í 20 mánuði frá 7. febrúar 1992.

Ákærði hefur með broti því, er hér er til meðferðar, rofið skilorð refsíðomsins frá 20. október 1992. Með vísan til ungs aldurs ákærða og atvika málsins þykir rétt, eins og hér stendur á, að láta skilorðsdóminn halda sér skv. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin sekt, að fjárhæð 90.000 krónur, er greiðist í ríkissjóð innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 26 daga.

Ákærði þykir enn fremur hafa unnið sér til sviptingar ökuréttinda. Með vísan til 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga skal ákærði vera sviptur ökuréttindum í þrjú ár frá 7. október 1993 að telja, en þann dag hefði ákærði öðlast ökuréttindi á nýjan leik.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Einar Ingi Kristinsson, greiði í sekt til ríkissjóðs 90.000 krónur innan fjögurra vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 26 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í þrjú ár frá 7. október 1993 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.